

Ísland átti 4 keppendur á heimbikarmótinu á Kýpur sem var að ljúka. Alls mættu um 80 keppendur til leiks. Sigurður Unnar Hauksson úr SR varð í 50.sæti með 117 stig (24 23 23 25 22), Stefán Gísli Örylgsson úr SKA varð í 60.sæti með 113 stig (24 20 24 23 22) og Hákon Þór Svavarsson úr SFS í 66.sæti með 110 stig (22 20 21 24 23). Einnig tók Pétur Gunnarsson úr SR þátt sem s.k. MQS (lágmarsskor þar sem ná þarf 114 stigum) þar sem hver þjóð má ekki senda nema 3 keppendur í aðalkeppnina. Hann náði 113 stigum (21 23 24 22 23)